

Nd.

350. Frumvarp til laga

[184. mál]

um lánasjóð íslenzkra námsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Lánasjóður íslenzkra námsmanna. Skiptist hann í tvær deildir: lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands og lánadeild námsmanna erlendis. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, og er hlutverk hans að veita íslenskum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, erlenda háskóla og aðrar erlendar kennslustofnanir.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn, samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, Menntamálaráðs Íslands, stúdentaráðs Háskóla Íslands og Bandalags háskólamanna, og skal sá, er það tilnefnir hafa stundað háskólanám erlendis og nýlega lokið þar prófi, en hinn fimmta án tilnefningar, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Fulltrúar Stúdentaráðs og Bandalags háskólamanna skulu þó tilnefndir til eins árs í senn. Varamenn eru skipaðir með sama hætti og til jafn langs tíma.

Nú stofna íslenzkir námsmenn erlendis með sér samtök, er meginþorri þeirra er aðili að, og starfa samkvæmt samþykktum, er menntamálaráðuneytið viðurkennir, og skal þá skipa í stjórnina samkvæmt tilnefningu þeirra í stað Bandalags háskólamanna.

Hlutverk stjórnarinnar er að annast nauðsynlegar lántökur fyrir sjóðinn og fjármál hans að öðru leyti. Útborgun lána, bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum er sjóðsstjórn heimilt að fela bankastofnun.

Stjórnin skiptir fé því, sem til úthlutunar er ár hvert, milli deilda sjóðsins samkvæmt reglum, er hún setur, en menntamálaráðherra staðfestir.

3. gr.

Menntamálaráð Íslands veitir fé það, sem kemur í hlut lánadeildar íslenzkra námsmanna erlendis, sem námslán til íslenzkra stúdenta og annarra námsmanna við nám erlendis, samkvæmt reglum, sem menntamálaráð setur, en menntamálaráðherra staðfestir.

4. gr.

Úthlutun úr lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands annast fimm manna nefnd, skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, þannig: tveir samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, tveir samkvæmt tilnefningu stúdentaráðs Háskóla Íslands, og einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Fulltrúar stúdentaráðs skulu þó tilnefndir til eins árs í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Lán skulu veitt samkvæmt reglum, er nefndin setur, en menntamálaráðherra staðfestir.

5. gr.

Lántakandi úr Lánasjóði íslenzkra námsmanna skal enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en endurgreiða lánin með jöfnum afborgunum og 3½% ársvöxtum á allt að 15 árum. Vaxtagreiðslur og afborganir hefjast þremur árum eftir að námi lýkur. Miða skal við próf eða síðustu lántöku, ef námsmaður hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Metur stjórn lánasjóðsins það hverju sinni.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán einu sinni á ári, meðan hann er við nám, en þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og þeim skóla, sem námið er stundað í. Ár miðast við háskólaár á hverjum stað.

Fyrir lánnum þessum skulu lánþegar gefa út skuldabréf og setja tryggingu, samkvæmt ákvörðun stjórnar lánasjóðsins.

6. gr.

Stúdentar frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám við Háskóla Íslands, njóta réttinda til námslána, samkvæmt 4. gr. með sama hætti og íslenzkir stúdentar.

7. gr.

Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega til framlag í fjárlögum, eigi lægra en kr. 6025000.00.

Allar eignir lánasjóðs stúdenta við Háskóla Íslands og lánasjóðs íslenzkra námsmanna erlendis skulu renna til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna við gildistöku laga þessara.

8. gr.

Sjóðsstjórninni er heimilt að taka innanlands allt að 45 millj. króna lán handa sjóðnum á árunum 1961—1980, gegn tryggingu í verðbréfaeign sjóðsins.

Eigi má sjóðsstjórnin lána meira fé úr sjóðnum árlega en svo, að öruggt sé, að sjóðurinn geti staðið straum af lánnum þeim, er hann hefur tekið til starfsemi sinnar.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega og endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um starfsemi sjóðsins.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og samtímis falla úr gildi lög nr. 5/1952, um lánasjóð stúdenta, og lög nr. 17/1960, um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fé það, sem veitt er í fjárlögum fyrir árið 1961 til lánasjóðs stúdenta við Háskóla Íslands, skal renna til lánadeildar stúdenta við Háskóla Íslands og fé það, sem veitt er til lánasjóðs íslenzkra námsmanna erlendis, skal renna til lánadeildar námsmanna erlendis.

Menntamálaráði er heimilt að gefa þeim námsmönnum erlendis, sem fengið hefðu styrk á árunum 1961 og 1962 samkvæmt reglum þeim, er gilt hafa, kost á að fá áfram þann styrk, er þeir hefðu fengið, í stað lána samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stuðningur við íslenska námsmenn er veittur á 14. gr. A, II, a (áður 14. gr. B). Hefur þar verið um að ræða óafturkræfa styrki og námslán, sem greiddast að námi loknu.

Árin 1952—1960 hafa eftirtaldar upphæðir verið veittar í þessu skyni:

Ár	Lánasj. stúdenta 1000 kr.	Námsmenn erlendis 1000 kr.	Námslán alls 1000 kr.	Styrkir 1000 kr.	Heildar- fjárveiting 1000 kr.
1952	—	275	275	1000	1275
1953	300	400	700	875	1575
1954	500	400	900	875	1775
1955	500	400	900	875	1775
1956	650	400	1050	875	1925
1957	650	400	1050	875	1925
1958	650	400	1050	875	1925
1959	1000	1400	2400	600	3000
1960	1400	3250	4650	1945	3595
	5650	7325	12975	8795	21770

Eins og sést af þessu yfirliti, hefur þróunin verið sú, að fjárveitingar til námslána hafa aukizt verulega, en fjárveitingar til beinna námsstyrkja lengst af staðið í stað, þar til á s. l. ári, er fjárveitingar í heild voru auknar mjög verulega, en það var gert til þess að bæta námsmönnum erlendis upp aukinn námskostnað, er gengisbreytingin hafði í för með sér. Jafnframt voru þá sett lög um lánasjóð námsmanna erlendis, nr. 17/1960, og þar ákveðið, að ríkissjóður legði sjóðnum til kr. 3250000.00 árlega.

Með lögum nr. 5/1952 var svo ákveðið, að veittar skyldu árlega til lánasjóðs stúdenta við Háskóla Íslands kr. 300000.00. Sú upphæð hefur farið allört vaxandi og hefur síðustu tvö árin numið kr. 1400000.00. Hafa því verið veittar kr. 4650000.00 til námslána árið 1960 og 1961, af fjárveitingu alls, sem hvort árið um sig nam kr. 6595000.00, og mismuninum, kr. 1945000.00, verið varið til styrkja. Árið 1959 setti menntamálaráðuneytið reglur um úthlutun 5 allt að 20000.00 kr. árlegra styrkja til námsmanna erlendis, er veittir skyldu til 5 ára. Árið 1960 var styrkjum þessum fjölgað í 7, og gert er ráð fyrir, að þeirri tölu verði haldið framvegis, en jafnframt var upphæðin hækkuð í 30000.00 kr. Enn fremur var heimilað að veita þá, hvort heldur er til náms erlendis eða við Háskóla Íslands.

Af þeirri upphæð, sem varið var til styrkja árið 1960, fóru því kr. 360000.00 til hinna svokölluðu „stóru styrkja“, en í ár verða námsmennirnir alls 19, sem þeirra njóta, og upphæðin því kr. 570000.00. Eftir eru því af fjárveitingunni í ár kr. 1375000.00, sem verja mætti til styrkja, þ. e. a. s. fjárlagaupphæðin, kr. 6595000.00 að frádregnum greiðslum vegna „stóru styrkjanna“ og auk þess að frádregnum þeim upphæðum, sem fjárlögin gera ráð fyrir að varið skuli til námslána.

Í fjárlögum þeim fyrir árið 1960, sem samþykkt voru eftir að gengi krónunnar var lækkað í febrúar það ár, var fjárveiting til námslána og styrkja til hundra íslenskra námsmönnum erlendis hækkuð sem því svaraði, að þeir gætu fengið áfram sömu upphæð í erlendum gjaldeyri í lán og styrki. Hins vegar jókst framfærslukostnaður námsmannanna sem því svaraði, er sá erlendi gjaldeyri hækkaði í verði, sem þeir þurfa til viðbótar lánnum og styrkjum. Meðallán til námsmanna erlendis,

að viðbættum styrkjum, hafa numið um 15000.00 kr., og meðallán til stúdenta við háskólann hér hafa numið rúmlega 10000.00 kr. Er mjög æskilegt að hægt sé að hækka þessar upphæðir mjög verulega. Hafa lánsstofnanir nú veitt vilyrði um að lána fé í þessu skyni, þannig að unnt sé að hækka lánin upp í 25000.00 kr. að meðaltali, veita þau í allt að fimm skipti í stað fjögurra og til 15 ára í stað 10 ára, eins og nú tíðkast. Í sambandi við hagnýtingu þessara lánsmöguleika er eðlilegt, að þeir tveir lánasjóðir, sem nú starfa, séu sameinaðir, og að horfið verði frá styrkveitingum, öðrum en „stóru styrkjunum“, en fé því, sem til ráðstöfunar verður samkvæmt fjárlögum og frá lánastofnunum, verði varið til hagkvæmra námslána.

Í samræmi við þetta gerir frumvarpið ráð fyrir því, að stofnaður verði nýr sjóður, Lánasjóður íslenzkra námsmanna, og renni eignir hinna tveggja lánasjóða, sem nú starfa, til hans. Hinn nýi sjóður skal hins vegar vera í tveimur deildum, lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands og lánadeild námsmanna erlendis. Stjórn sjóðsins skal vera í höndum fimm manna, sem menntamálaráðherra skipar samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, menntamálaráðs, stúdentaráðs háskólans og Bandalags háskólamanna, en hinn fimmta án tilnefningar, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Sá, sem tilnefndur er af Bandalagi háskólamanna, skal hafa stundað nám erlendis og hafa nýlega lokið þar prófi, þannig að tryggt sé, að hann sé kunnugur högum íslenzkra námsmanna erlendis. Þeir hafa enn ekki með sér neinn allsherjarfélagsskap, svo að ekki er unnt að ætla þeim fulltrúa í stjórninni með sama hætti og stúdentum við háskólann hér. Öll félög háskólamanna, sem hér starfa, eru hins vegar aðilar að Bandalagi háskólamanna. Þar eð gert er ráð fyrir, að það velji stjórnarmann, sem stundað hefur nám erlendis og lokið þar prófi, ætti að vera tryggt, að sjónarmið íslenzkra námsmanna erlendis komi fram í sjóðsstjórninni. Hins vegar mun vera í undirbúningi að stofna formlega samtök íslenzkra námsmanna erlendis. Verði það gert, gerir frumvarpið ráð fyrir því, að þau samtök velji eftir það fulltrúa í stjórnina í stað Bandalags háskólamanna.

Stjórn sjóðsins skal fara með fjármál hans, þ. á m. annast fyrir hann nauðsynlegar lántökur, og skipta því fé, sem til úthlutunar er ár hvert milli deilda hans, þ. e. milli stúdenta við háskólann hér og íslenzkra námsmanna erlendis, samkvæmt reglum, sem hún setur, en menntamálaráðherra staðfestir.

Gert er hins vegar ráð fyrir, að sömu aðilar og nú taki ákvörðun um það, hvaða umsóknnum um lán skuli sinni og að hverju marki, frá þeim tveimur hópum námsmanna, sem að ofan greinir, þ. e. menntamálaráð, að því er varðar íslenzka námsmenn erlendis, og fimm manna nefnd, skipuð á sama hátt og stjórn lánasjóðs stúdenta við háskólann nú, að því er snertir stúdenta við háskólann hér.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi sjóðnum árlega eigi minna fé en nú er veitt í fjárlögum, og enn fremur er sjóðsstjórninni heimilt að taka innanlands allt að 45 millj. kr. lán handa sjóðnum á árunum 1961—1980.

Í bráðabirgðaákvæðum er kveðið svo á, að fé það, sem veitt er í gildandi fjárlögum til námsmanna, skuli skiptast eins og þar er kveðið á milli stúdenta við háskólann hér annars vegar og íslenzkra námsmanna erlendis hins vegar. Þar eð menntamálaráð hefur undanfarið fylgt þeirri reglu, að veita námsmönnum erlendis námslán fyrstu tvö ár námsins, en lán og/eða styrk tvö ár í viðbót, má segja að þeir, sem þegar hafa stundað nám erlendis í tvö ár, hafi getað búizt við styrk næstu tvö ár. Hefur því þótt eðlilegt að heimila menntamálaráði að gefa þessum námsmönnum kost á að velja milli þess að fá þann styrk, sem þeir hefðu fengið eða öllu óbreyttu (lán + styrk að upphæð 15000 kr. að meðaltali) eða lán samkvæmt þeirri skipan, sem þetta frumvarp á að leggja grundvöll að (lán að upphæð 25000 kr. að meðaltali).

Frumvarpinu fylgir áætlun um hag sjóðsins til 1985, miðað við að meðalupphæð lána hans verði 25000 kr., námsmönnum fjölgi um 3.2% á ári og ríkisframlag hækki árlega um 5%. Lánsfjárbörf hans verður þá um 5 millj. kr. að meðaltali, að vöxtum meðtöldum, næstu 6 árin, en fer síðan smáminnkandi. Árið

1970 getur sjóðurinn byrjað að endurgreiða lánin og árið 1980 verða þau að fullu greidd. Hæst verður skuldin 1971, 45 millj. kr.

Frá og með árinu 1985 gæti ríkisframlagið fallið niður, því að þá á sjóðurinn orðið nægilegan varasjóð, sem gert er ráð fyrir, að hann verji til lána, annarra en námslána, og munu vaxtatekjur hans af þeim lánum gera kleift að brúa bilið milli annarra árlegra tekna annars vegar og námslánaþarfarrinnar hins vegar, samkvæmt þeim forsendum, sem byggt er á.

Lánskjörum öllum er haldið óbreyttum frá því sem áður var, að öðru leyti en því, að endurgreiðslutími lánanna er lengdur úr 10 í 15 ár.

Fylgiskjal.

Skýringar

með áætlun um lánasjóð íslenzkra námsmanna.

1. Stofnfé.

Sjóðurinn tekur við þeim skuldabréfum fyrir námslánnum, sem veitt voru af lánasjóði íslenzkra námsmanna erlendis og lánasjóði stúdenta við Háskóla Íslands til ársloka 1960. Í áætluninni er gert ráð fyrir að sú upphæð sundurliðist þannig á sjóðina:

Skuldabréf lánasjóðs íslenzkra námsmanna erlendis	kr.	7 116 473.00
Skuldabréf lánasjóðs stúdenta við Háskóla Íslands	—	5 804 082.80

Alls kr. 12 920 555.80

Hefur þá verið dregið frá skuldabréfaeign síðarnefnda sjóðsins lán hans hjá tryggingarfélagum, að upphæð kr. 575 þúsund.

Í reyndinni er skuldabréfaeignin nokkru hærri. Stafar það af því, að af hagkvæmnisástæðum hefur verið gert ráð fyrir því, að lán, sem veitt hafa verið af þessum sjóðum á undanförunum árum, allt frá árinu 1952, hafi dreifzt jafnt á árganga. Ef svo hefði í rauninni verið, væri nú búið að greiða inn heldur meira af gjaldföllnum lánnum en raun ber vitni. Í framkvæmdinni hefur því, samkvæmt þeim mismun, er þarna kemur fram, meiri hluti námslánanna verið veittur þeim námsmönnum, sem hálfnaðir eða meira en hálfnaðir voru með nám.

2. Tala námslána.

Á árinu 1960 var tala þeirra námsmanna, sem nutu styrks eða láns hjá menntamálaráði, um 330. Gert er ráð fyrir að sú tala verið svipuð á árinu 1961, eða 335, og gengið út frá þeirri tölu sem grunntölu. Síðan er sú tala hækkuð um 2.75% árlega. Þá er stuðzt við samanburð á tölu útskrifaðra stúdenta á undanförunum árum annars vegar og fólksfjölguninni í landinu á sama tíma hins vegar. Til viðbótar þessu er svo gert ráð fyrir sem svarar 100 námslánnum, hverju að upphæð kr. 25 þúsund til stúdenta við Háskóla Íslands, og tala fullra námslána höfð 435 hið fyrsta ár. Raunveruleg tala þeirra námsmanna, er lána yrðu aðnjótandi, mun þó að sjálfsgöðu verða nokkru hærri. Lánasjóður stúdenta við Háskóla Íslands lánaði t. d. á s. l. ári um 1400 þús. kr. til ca. 130—140 námsmanna. Samkvæmt framan-sögðu er hugsaður hluti stúdenta við Háskólann hér fyrsta árið 2.5 millj. kr. og myndi sú upphæð, miðað við jafnháa upphæð á mann, nægja handa ca. 240 stúdentum. Í áætluninni um tölu námslána er gert ráð fyrir því, að tala námslána til þeirra stúdenta, sem stunda nám heima, aukist allmiklu örar, eða úr 100 í 340 á næstu 25 árum, en þeirra, sem nám stunda erlendis, úr 335 í 638, og tala lána af 25 þús. kr. meðalstærð þannig úr 435 í 978 alls á þessu tímabili. Samsvarar það um 3.2% árlegri meðalaukningu.

3. Upphæð námslána.

Gert er ráð fyrir að meðalnámslán verði kr. 25 000.00 fyrir þann, er stundar nám erlendis. Upphæð árlegra námslána verður því áætluð tala þeirra, er um lán sækja, margfölduð með 25000, eða $335 \cdot 25000 =$ kr. 8 375 000, að viðbætti upphæð er svarar til 100 námslána af meðalstærð, til þeirra, er stunda nám við Háskóla Íslands, samtals kr. 2 500 000.00, eða alls kr. 10 875 000.00 árið 1961, en síðan hækkandi í hlutfalli við fjölgun námslána.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að þessa skiptingu ber ekki að skoða sem fyrirfram hugsaða áætlun um það, hvernig ráðstöfunarfé sjóðsins verði skipt milli þeirra annars vegar, er nám stunda erlendis, og hins vegar hinna, sem stunda nám við Háskóla Íslands. Slíka áætlun er alls ekki unnt að gera langt fram í tímann, heldur verður að framkvæma hana árlega með hliðsjón af ýmsum atriðum, sem eru breytingum undirorpin frá ári til árs.

4. Ríkisframlag.

Á fjárlögum ársins 1961 eru á 14. gr. A II a ætlaðar kr. 6 595 000.00 til stuðnings íslenskum námsmönnum. Hinir svokölluðu „stóru styrkir“, sem þegar eru orðnir 12 (5 frá árinu 1959 og 7 frá árinu 1960), að viðbættum þeim 7, sem bætast við á yfirstandandi ári, eru að upphæð kr. 30 000.00 hver, og takast því alls kr. 570 000.00 af þessari upphæð þeirra vegna. Eftir eru þá kr. 6 025 000.00. Gert er ráð fyrir að allir styrkir, aðrir en „stóru styrkir“, falli niður og getur því sjóðurinn fengið þessa upphæð til útlána á árinu 1961. Framvegis er gert ráð fyrir því, að sú upphæð hækki um 5% árlega. Ástæðan til þess, að þörf er á meiri árlegri aukningu ríkisframlagsins en nemur aukningu á tölu námslána er sú, að sjóðurinn verður að fá um $\frac{1}{2}$ hluta ráðstöfunarfjár síns þegar á fyrsta ári að láni hjá lánastofnunum og greiða fyrir það háa vexti, en tekjur sjóðsins, afborganir og vextir, vaxa mjög hægt, bæði vegna þess hve sjóði vinur byrjar með lítið eigið fé og vegna hinna hagstæðu vaxta- og endurgreiðsluskilyrðinga á námslánunum. Á 20. ári er ríkisframlagið orðið kr. 15 475 000.00, en hættir þá að hækka, helzt í þeirri upphæð til 1984, en fellur þá niður þar eða sjóðurinn á þá orðið nægilega mikið laust eigið fé til þess að vextir af því geti brúað bilið milli samanlagðra nettótekna sjóðsins og árlegra útlána, en lánsfé allt að fullu greitt.

Vöxtur ríkisframlagsins er, þegar alls er gætt, ekki svo ýkja mikill *að meðaltali á námsmann*, eða úr kr. 13 850.00 árið 1961, en kemst upp í kr. 16 930.00 er það verður hæst, árið 1981. Árið 1984 er það aftur komið niður í kr. 16 270.00 en hverfur þá að fullu. Eftir það getur sjóðurinn alveg staðið á eigin fótum og tekið sjálfur við áætlaðri fjölgun námslána. Meðaltal ríkisframlagsins á öllu tímabilinu er kr. 15 200.00 á námsmann.

5. Lánsfé.

Á fyrsta ári sjóðsins verður nauðsynlegt að taka kr. 4 350 000.00 að láni til þess að endurlána námsmönnum, tvö næstu árin svipaða upphæð, en síðan lækkar lánsfjárbörfin, þar sem þá fer að muna verulega um vexti og afborganir af því fé, sem eldri sjóðirnir lánuðu fram til ársloka 1960, og nýi sjóðurinn frá því ári, og frá og með 1970 verður ekki þörf fyrir lánsfé til þess að endurlána námsmönnum.

Gert er ráð fyrir því í áætluninni, að meðalársvextir af lánsfé verði 8% p. a. Er þeim bætt við höfuðstól skuldarinnar árið eftir að þeir falla til, þannig að heildarskuld á hverjum tíma er höfuðstóll skuldarinnar ásamt áföllnum vöxtum til næstu ársloka á undan. Frá og með árinu 1970 byrjar sjóðurinn að endurgreiða lánsféð, en heildarskuldin hækkar þó lengur, vegna þess að afborganirnar nema fyrst í stað lægri upphæð en vöxtunum. Hæst verður skuldin árið 1972, 45.4 milljónir. Síðan fer hún lækkandi og á árinu 1981 hverfur skuldin að fullu.

Lánasjóður Íslenzkra

Ár	Tala námslána	Upphæð námslána í 1000 kr.	Gjöld í 1000 kr.			Útistandandi			Tekjur			
			Fastur kostnaður	Aflakrifað	Samtals	Af eldri lánnum	Af yngri lánnum	Samtals	Af eldri lánnum		Af yngri lánnum	
									Vextir	Afborganir	Vextir	Afborganir
1961	435	10 875	100	-	100	12 490 325.88	10 657 500	23 147 825.88	111 368.99	430 229.92	-	-
1962	456	11 400	125	217.5	342.5	11 919 156.84	21 829 500	33 748 656.84	143 031.68	571 169.04	-	-
1963	477	11 925	125	228.0	353.0	11 134 950.48	33 516 000	44 650 950.48	194 596.24	784 206.36	-	-
1964	495	12 375	125	238.5	363.5	10 160 207.60	45 501 400	55 661 607.60	231 997.54	974 742.88	74 602.50	142 100
1965	516	12 900	175	247.5	422.5	9 030 669.60	57 710 240	66 740 909.60	256 014.59	1 129 538.00	222 435.50	433 160
1966	534	13 350	175	258.0	433.0	7 786 373.80	69 913 200	77 699 573.80	266 338.58	1 244 295.80	441 886.90	880 040
1967	555	13 875	175	267.0	442.0	6 493 972.40	82 022 080	88 516 052.40	256 232.01	1 292 401.40	730 590.00	1 488 620
1968	573	14 325	225	277.5	502.5	5 263 647.20	93 794 820	99 058 467.20	213 939.59	1 230 325.20	1 086 486.80	2 265 760
1969	600	15 000	225	286.5	511.5	4 117 899.00	105 419 580	109 537 479.00	173 648.58	1 145 748.20	1 432 162.20	3 075 240
1970	621	15 525	225	300.0	525.0	3 065 714.40	116 717 020	119 782 734.40	136 076.00	1 052 184.60	1 766 484.30	3 917 060
1971	642	16 050	360	310.5	610.5	2 120 376.72	127 655 780	129 776 156.72	101 506.34	945 337.68	2 087 806.70	4 790 240
1972	666	16 650	390	321.0	621.0	1 316 178.16	138 275 060	139 591 238.16	70 355.83	804 398.56	2 396 575.30	5 697 720
1973	687	17 175	350	333.0	683.0	724 616.92	148 467 060	149 191 676.92	43 754.32	591 361.24	2 691 589.60	6 639 500
1974	711	17 775	350	343.5	693.5	323 792.20	158 270 000	158 593 792.20	24 146.86	400 824.72	2 972 163.60	7 616 560
1975	732	18 300	400	355.5	755.5	91 140.00	167 574 120	167 665 260.00	10 816.56	232 652.20	3 237 577.00	8 629 880
1976	756	18 900	400	366.0	766.0	-	176 415 680	176 415 680.00	3 052.70	91 140.00	3 487 075.20	9 680 440
1977	780	19 500	450	378.0	828.0	-	184 758 420	184 758 420.00	-	-	3 718 840.30	10 767 260
1978	801	20 025	450	390.0	840.0	-	192 492 580	192 492 580.00	-	-	3 931 603.20	11 890 340
1979	825	20 625	500	400.5	900.5	-	199 796 520	199 796 520.00	-	-	4 124 609.30	12 908 560
1980	852	21 300	500	412.5	912.5	-	206 585 460	206 585 460.00	-	-	4 301 528.70	13 815 060
1981	876	21 900	500	426.0	926.0	-	213 714 480	213 714 480.00	-	-	4 466 271.60	14 602 980
1982	900	22 500	500	438.0	938.0	-	220 498 040	220 498 040.00	-	-	4 622 988.30	15 266 440
1983	924	23 100	500	450.0	950.0	-	227 335 500	227 335 500.00	-	-	4 777 063.90	15 800 540
1984	951	23 775	500	462.0	962.0	-	234 364 600	234 364 600.00	-	-	4 933 026.00	16 341 700
1985	978	24 450	500	475.5	975.5	-	241 365 180	241 365 180.00	-	-	5 090 634.50	16 889 320

6. Gjöld.

Mjög miklum erfiðleikum er bundið að áætla hinn fasta, árlega kostnað, sem óhjákvæmilegur verður vegna hins daglega reksturs. Allra fyrstu árin verður sá kostnaður væntanlega ekki ýkja mikill, en síðan hlýtur hann að aukast verulega. Lántakendur munu brátt skipta þúsundum og vinna í sambandi við innheimtu, tilkynningu gjalddaga, eftirlit með því hverjir lántakenda brautskrást eða hætta námi og allan annan daglegan rekstur, verða mjög umfangsmikil. Virðist óhjákvæmilegt að stjórn sjóðsins ráði fljótlega sérstakan starfsmann.

Í áætluninni er fasti kostnaðurinn við það miðaður, að fastur starfsmaður vinni sem svarar hálfum degi næstu 3—4 árin, en síðan verði starfsliðið aukið. Jafnframt er gert ráð fyrir nokkrum skrifstofukostnaði. Eftir það er kostnaðurinn hækkaður smátt og smátt upp í hálfá milljón, og er þá sérstaklega haft í huga að lögfræðileg aðstoð komi til skjalanna.

Árlega eru afskrifuð beint 2% af námslánnum, þannig að hvert 25 þús. kr. námslán endurgreiðist með kr. 24 500.00. Samsvarar það því, að 50. hvert námslán tapist alveg.

Sú stutta reynsla, sem þegar er fengin af lánastarfsemi til námsmanna, bendir til þess, að lán til þeirra innheimtist vel og mun betur en hér er gert ráð fyrir.

7. Tekjur.

Tekjur sjóðsins, aðrar en ríkisframlag, eru vextir og afborganir af námslánnum, svo og vextir af reiðufé sjóðsins á hverjum tíma.

námsmanna

Ríkisframlag í 1000 kr.	Lánafé				Til ráðstöfunar				Til næsta árs	Ár	
	Árlegt lánafé			Endurg. í 1000 kr.	Heildar- skuld	Tekjur nettó	Frá fyrra ári	Vaxta- tekjur			Samtals
	Höfuð stóll 1000 kr.	Vextir 8 %	Samtals								
6 025	4 350	-	4 350 000.00	-	4 350 000.00	10 816 598.91	-	65 665.99	10 882 264.90	7 264.90	61
6 350	4 400	348 000.00	4 748 000.00	-	9 098 000.00	11 339 200.72	7 264.90	70 642.00	11 417 107.62	17 107.62	62
6 675	4 325	727 840.00	5 052 840.00	-	14 150 840.00	11 853 802.60	17 107.62	76 538.03	11 947 448.25	22 448.25	63
7 025	3 950	1 132 067.20	5 082 067.20	-	19 232 907.20	12 273 442.92	22 448.25	84 484.43	12 380 375.60	5 375.60	64
7 375	3 575	1 538 632.58	5 113 632.58	-	24 346 539.78	12 816 148.09	5 375.60	94 161.48	12 915 685.17	15 685.17	65
7 750	2 850	1 947 723.18	4 797 723.18	-	29 144 262.96	13 257 561.28	15 685.17	105 825.61	13 379 072.06	29 072.06	66
8 150	2 000	2 331 541.04	4 331 541.04	-	33 475 804.00	13 742 843.41	29 072.06	119 178.43	13 891 093.90	16 093.90	67
8 575	1 050	2 678 064.32	3 728 064.32	-	37 203 868.32	14 196 511.59	16 093.90	133 715.12	14 346 320.61	21 320.61	68
9 000	250	2 976 309.47	3 226 309.47	-	40 430 177.79	14 851 798.98	21 320.61	148 267.99	15 021 387.58	21 387.58	69
9 450	-	3 204 414.22	3 204 414.22	750	42 884 592.01	15 346 804.90	21 387.58	163 218.05	15 531 410.53	6 410.53	70
9 925	-	3 364 767.36	3 364 767.36	1 650	44 599 359.37	15 899 890.72	6 410.53	178 498.91	16 084 800.16	34 800.16	71
10 425	-	3 461 948.75	3 461 948.75	2 650	45 411 308.12	16 444 049.69	34 800.16	193 940.50	16 672 790.35	22 790.35	72
10 950	-	3 488 904.65	3 488 904.65	3 600	45 300 212.77	16 966 205.16	22 790.35	209 162.05	17 198 157.56	23 157.56	73
11 500	-	3 439 017.02	3 439 017.02	4 625	44 114 229.79	17 538 695.18	23 157.56	225 136.95	17 786 989.69	11 989.69	74
12 075	-	3 300 138.38	3 300 138.38	5 725	41 689 368.17	18 060 925.76	11 989.69	241 859.26	18 314 774.71	14 774.71	75
12 700	-	3 058 149.45	3 058 149.45	6 925	37 822 517.62	18 636 707.90	14 774.71	259 616.98	18 911 099.59	11 099.59	76
13 350	-	2 699 801.41	2 699 801.41	8 150	32 372 319.03	19 236 100.30	11 099.59	278 361.00	19 525 560.89	25 560.89	77
14 025	-	2 202 785.52	2 202 785.52	9 675	24 900 104.55	19 721 943.20	25 560.89	298 469.43	20 045 973.52	20 973.52	78
14 725	-	1 554 008.36	1 554 008.36	10 950	15 504 112.91	20 308 169.30	20 973.52	317 581.69	20 646 724.51	21 724.51	79
15 475	-	755 329.03	755 329.03	12 125	4 134 441.94	20 966 588.70	21 724.51	335 915.89	21 324 229.10	24 229.10	80
15 475	-	165 558.06	165 558.06	4 300	-	29 744 251.60	24 229.10	345 442.52	30 113 923.22	8 213 923.22	81
15 475	-	-	-	-	-	34 864 428.30	8 213 923.22	764 340.44	43 842 691.96	21 342 691.96	82
15 475	-	-	-	-	-	35 552 603.90	21 342 691.96	1 427 660.64	58 322 956.50	35 222 956.50	83
15 475	-	-	-	-	-	36 309 726.00	35 222 956.50	2 129 245.09	73 661 927.59	49 826 927.59	84
-	-	-	-	-	-	21 479 954.50	49 826 927.59	2 865 895.93	74 172 778.02	49 722 778.02	85

a. Vextir.

Námslán eru vaxta- og afborganalaus þar til liðin eru 3 ár frá því að lán-takandi er brautskráður eða hættir námi, en frá þeim tíma skulu þau bera 3½% vexti p. a. og endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum. Gert er ráð fyrir því að meðalnámstími sé 5 ár, og að námslánin skiptist jafnt á árganga.

Árið 1964 falla því til vextir í fyrsta sinn, þ. e. 3½% af einum fimmta hluta þeirrar upphæðar, sem lánuð var á 1. ári sjóðsins, þ. e. til þeirra, sem þá voru á síðasta námsári, að frádrögnum þeim hluta upphæðarinnar sem afskrifaður var,

$$\text{þ. e.: kr. } 10\,657\,500 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} = \text{kr. } 74\,602.50.$$

$$\text{Árið 1965 verður vaxtaupphæðin: kr. } 10\,657\,500 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} + \text{kr. } 10\,657\,500$$

$$: 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot \frac{14}{15} \text{ (einn fimmtándi hluti þessarar upphæðar hefur þegar fallið sjóðn-}$$

$$\text{um til sem afborgun) } + \text{kr. } 11\,172\,000 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} = \text{kr. } 74\,602.50 + \text{kr. } 69\,629.00$$

+ kr. 78 204.00 = kr. 222 435.50, þ. e. vaxtagreiðslur þeirra, sem voru á næstsíðasta (þ. e. 4.) námsári á 1. ári sjóðsins, þeirra, sem voru á seinasta (þ. e. 5.) námsári á 1. ári sjóðsins og loks þeirra, sem voru á seinasta námsári á öðru ári sjóðsins.

Árið 1966 verða vaxtatekjur af námslánnum kr. 10 657 500 : 5 · $\frac{7}{2 \cdot 100}$ + kr.

$$10\,657\,500 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot \frac{14}{15} + \text{kr. } 10\,657\,500 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot \frac{13}{15} + \text{kr. } 11\,172\,000 : 5$$

$$\cdot \frac{7}{2 \cdot 100} + \text{kr. } 11\,172\,000 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} \cdot \frac{14}{15} + \text{kr. } 11\,686\,500 : 5 \cdot \frac{7}{2 \cdot 100} = \text{kr.}$$

74 602.50 + kr. 69 629.00 + kr. 64 655.50 + kr. 78 204.00 + kr. 72 990.40 + kr. 81 805.50
 = kr. 441 886. 90, þ. e. vaxtagreiðslur þeirra, sem voru á 3., 4. og 5. námsári á fyrsta ári sjóðsins, þeirra, sem voru á 4. og 5. námsári og á öðru ári hans og þeirra, sem voru á 5. námsári á þriðja ári hans, o. s. frv.

Vextir af eldri námslánnum eru áætlaðir á sama hátt, með þeirri breytingu þó, að þar er endurgreiðslutími lánanna 10 ár.

b. Afborganir.

Árið 1964 falla í gjalddaga kr. 10 657 500 : 5 : 15 = kr. 142 100.00, þ. e. fyrsta greiðsla þeirra, sem voru á síðasta námsári veturinn 1960—1961, þ. e. á fyrsta starfsári sjóðsins.

Árið 1965 verða afborganirnar kr. 10 657 500 : 5 : 15 · 2 + 11 172 000 : 5 : 15 = kr. 284 200.00 + kr. 148 960.00 = kr. 433 160.00, þ. e. fyrsta greiðsla þeirra, sem voru á 5. námsári á öðru ári sjóðsins, og auk þess greiðslur þeirra, sem voru á 4. og 5. námsári á fyrsta ári hans.

Árið 1966 verða afborganirnar kr. 10 657 500 : 5 : 15 · 3 + kr. 11 172 000 : 5 : 15 · 2 + kr. 11 686 500 : 5 : 15 = kr. 426 300 + kr. 297 920 + kr. 155 820 = kr. 880 040, þ. e. fyrsta greiðsla þeirra, sem voru á 5. námsári á þriðja ári sjóðsins, greiðslur þeirra, sem voru á 4. og 5. námsári á öðru ári hans og enn fremur greiðslur þeirra, sem voru á 3., 4. og 5. námsári á fyrsta ári hans.

Þannig eykst afborganaupphæðin frá ári til árs, eftir því, sem lántakendum fjölgar og námslánin þar með aukast.

Afborganir af eldri námslánnum eru áætlaðar á sama hátt, miðað við 10 ára endurgreiðslutíma.

c. Áætlaðar vaxtatekjur.

Hér er um að ræða vexti, aðra en af námslánnum, þ. e. hlaupareikningsvexti af tekjum sjóðsins, er liggja um lengri eða skemmri tíma áður en þeir eru lánaðir út aftur. Gert er ráð fyrir að þessir vextir nemi 1% af samanlögðum árstekjum sjóðsins.

Eftir að lán sjóðsins eru að fullu greidd, safnast upp hjá sjóðnum lausafé, er ekki þarf á að halda til námslána, meðan ríkisframlagið er látið haldast. Af þessu lausafé er gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi 5% p. a., enda verður hægt að festa það til langs tíma til annars en námslána. Þetta er nauðsynlegt, ef ríkisframlagið á að geta fallið niður.

8. Nettótekjur.

Samanlagðar upphæðir ríkisframlags, lánsfjár og vaxta og afborgana af námslánnum, að fráregnum kostnaði, nefnast einu nafni nettótekjur. Þegar bætt hefur verið við nettótekjurnar afgangi frá fyrra ári og vaxtatekjum af lausu fé, kemur fram ráðstöfunarfé sjóðsins í heild á hverju ári. Mismunur þessarar upphæðar og útlánaðs fjár til námsmanna færast til næsta árs. Ekki þarf að taka fram, að fé til næsta árs er jafnan haft svo lágt sem unnt er og sjóðurinn látinn lána allt það fé aftur, sem losnar fyrstu ár hans, til þess að halda lánsfjárþörfinni sem mest niðri, síðan til þess að verja því til afborgana og draga með því sem mest úr vaxtabyrði

af lánsfénu. En eftir 1980 safnar sjóðurinn lausafé, og lánar það til langs tíma. Miðað við lánskjör á námslánum mun sjóðurinn þurfa um 50 milljón króna varasjóð, sem ekki er varið til námslána, miðað við að sjóðurinn hafi af honum 5% árs-tekjur, til þess að ríkisframlagið megi niður falla. Forsenda þessa er þó sú, að námsláni þurfi ekki að aukast meira en gert er ráð fyrir í áætluninni.

9. Bundið eigið fé.

Eins og áður segir, tekur sjóðurinn við skuldabréfum, að upphæð tæplega 13 milljónum króna, af lánasjóðum þeim, sem nú starfa. Á fyrsta ári sjóðsins bætast við þessa upphæð námslán að upphæð kr. 10 657 500.00, þ. e. námsláni 1961, að frádregnum 2%, sem afskrifuð voru. Samtals verður þá útstandandi í árslok 1961:

Skuldabréf alls til ársloka 1960	kr. 12 920 555.80
÷ afborgað á árinu 1961	— 430 229.92
	<hr/>
	Kr. 12 490 325.88
lánað 1961	— 10 657 500.00
	<hr/>
	Kr. 23 147 825.88
Á næsta ári dregst frá þessu:	
÷ afborgað á árinu 1962	— 571 169.04
	<hr/>
	Kr. 22 576 656.84
en við bætist lánsupphæð það ár, kr. 11 400 000.00 ÷ 2%	— 11 172 000.00
	<hr/>
	Kr. 33 748 656.84
Alls í árslok 1962	kr. 33 748 656.84
Í árslok 1963 er upphæð bundins fjár orðin	— 44 650 950.48
Frá dregst á árinu 1964:	
Afborgað af lánum fyrir 1961	kr. 974 742.88
— — láni frá 1961	— 142 100.00
	<hr/>
	1 116 842.88
	<hr/>
	Kr. 43 534 107.60
Við bætist lánað 1964:	
kr. 12 375 000.00 ÷ 2%	— 12 127 500.00
	<hr/>
	Kr. 55 661 607.60

10. Hlutdeild ríkisframlagsins í heildarupphæð námslánanna.

Á tímabili því, er áætlunin nær yfir, lánar sjóðurinn kr. 433 575 000.00 til 17 343 námsmanna, kr. 25 000.00 að meðaltali hverjum. Ríkisframlagið hefur þá samtals numið kr. 263 425 000.00 eða 60.7% af heildarútlánum, og er það um 28 milljónum króna lægri upphæð en þá nemur eigin fé sjóðsins, ýmist bundu í námslánum eða í varasjóði.